

## **Porskastríðin þrjú - saga landhelgismálsins 1948-1976**

**Bókarhöfundur:** Guðni Th. Jóhannesson

**Bókarheiti:** Porskastríðin þrjú – saga landhelgismálsins 1948-1976

**Gagnrýnandi:** Helgi Ágústsson

**Útgáfa:** Hafréttarstofnun Íslands, Reykjavík 2006, 171 bls.

### **PORSKASTRÍÐIN ÞRjú – RITDÓMUR**

Stærstu baráttumál sem Íslendingar hafa ætlað sér sigur í eru vafalítið baráttan fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og útfærslur fiskveiðilögsögunnar sem byggðust á landgrunnslögunum frá 1948 og miðuðu að því að vernda fiskistofnana kringum landið. Þessi baráttumál voru af sama meidi og vel er orðað í sálmi Jóns Magnússonar, „Föðurland vort hálf er hafið“. Þau fleygu orð eru einkunnarorð Landhelgisgæslu Íslands og lýsa í sjálfu sér mikilvægi þess að vernda sjávarauðlindirnar kringum Ísland sem undirstöðu efnahagslífs á Íslandi alla síðustu öld og til framtíðar.

Guðni Th. Jóhannesson er höfundur bókarinnar Porskastríðin þrjú – saga landhelgismálsins 1948-1976, sem Hafréttarstofnun Íslands gaf út árið 2006. Bókin er vönduð að allri gerð og fjallar á lipran og greinargóðan hátt um þessa mikilvægu baráttu. Guðni fléttar hér saman átökum skipstjórnarmanna landhelgisgæslunnar á hafi úti við bresk herskip og dráttarbáta og tvísýnu tafli stjórnámálanna sem af djörfung tóku ákvarðanir sem kröfðust mikils pólitísku styrks og þolinmæði, ákvarðanir sem eyðilagátu ríkisstjórnarsamstarf og pólitíska framtíð þeirra, kostað mannlíf á hafi úti og valdið efnahagslífi þjóðarinnar gríðarlegu tjóni.

Höfundur rekur upphaf landhelgi og réttarþróun frá fornu fari og hrifur lesandann strax með sér líkt og gerist við lestur góðrar spennusögu. Sóknin var hafin með hugsjónum og vinnu stjórn málaforingjanna Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar sem lögðu grundvöllinn að stefnu Íslands ásamt sérfræðingum sínum þar sem Hans G. Andersen fór fyrir. Baráttan hófst með útfærslu landhelginna fyrir Norðurlandi 1950 og í kjölfarið fylgdu löndunarbannið 1952 og þorskastríðið gegn Bretum 1958-1961. Guðni hefur víða leitað fanga í heimildum bæði héraðs og erlendis og býr sjálfsgagt yfir meiri upplýsingum en hann hefur kosið að koma á framfæri á hinum 157 blaðsíðum frásagnar sinnar. Guðni getur helstu heimildarrita sinna en enga tilvitnun er þó að finna í fjórar hvítbækur, er ríkisstjórnin gaf út á árunum 1972 og 1975, þar sem færð voru meginrök fyrir seinni útfærslunum og settar fram tölfræðilegar upplýsingar sem vísað var til í málflutningi Íslands á alþjóðavettvangi.

Það er erfitt að feta milliveg greinargóðrar frásagnar sögumanns og nákvæmni sagnfræðings. Guðni tekur fram í formála að bókin sé ekki fræðirit heldur stutt frásögn af nokkrum helstu þáttum í sögu þorskastríðanna. Vel hefði Guðni mátt kafa dýpra í sumt, en honum hefur vissulega tekist að kynna lesendum sínum sögu landhelgismálanna og vekja áhuga lesenda á að afla sér frekari fróðleiks.

Draga má í efa að allir séu sammála niðurstöðum Guðna í lokakafli bókarinnar. Spurningunni, hvort þorskastríðin hafi verið óumflýjanleg, svarar Guðni að þau hafi verið bráðnauðsynleg en bætir við: „Ögn meiri friðarvilji hefði ekki leitt til þess að langtímamarkmiðið – full yfirráð yfir hafinu umhverfis Ísland – hefði farið forgörðum. Dálítill biðlund við útfærslu eða rýmri veiðiheimildir fyrir útlendinga hverju sinni hefðu ekki eytt auðlindinni.“ Stjórnarandstæðingum fyrir kosningarnar 1971 var ekki biðlund í huga. Guðni gerir í bókinni grein fyrir þeim viðhorfum sem síðan var hrundið í framkvæmd af ríkisstjórn Íslands 1971, undir forystu Ólafs Jóhannessonar, sem tók ákvörðun um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur og Ólafur, sem forsætisráðherra, lýsti sem algjöru forgangsverkefni.

Guðni getur ástands fiskistofna og brotthvarfs síldarinnar, sem hafði svo mjög eft íslenskt atvinnulíf á sjötta áratugnum, en að fleiru var að huga. Ofveiði og smáfiskadráp hafði lengi viðgengist á Íslandsmiðum og Íslendingar voru orðnir langþreyttir á biðinni eftir því að réttarreglur á hafinu þróuðust til hagsbóta fyrir strandríki. Við útfærsluna í 200 mílur var til að mynda liðinn aldarfjórðungur frá tillöguflutningi Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um að nýstofnuð Alþjóðalaganefnd fengi það hlutverk að vinna að heildstæðum reglum um málefni hafsins. Niðurstöður hafréttarráðstefnanna 1958 og 1960 höfðu valdið vonbrigðum þótt þróunin hefði með ýmsu móti verið jákvæð. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin, NEAFC, hafði um margra ára skeið sýnt tillögum Íslendinga um bann við togveiðum fyrir Norðausturlandi, sem Íslendingar töldu að væri afar brýnt, tómlæti. Ofveiðin við Ísland og minnkandi veiði í Barentshafi og við Vestur-Grænland og Nýfundnaland hafði leitt til enn frekari sóknar erlendra frystitogara og verksmiðjuskipa á Íslandsmið. Sú sókn hafði þegar hafist árið 1971. Erlend veiðiskip veiddu á þessum árum meira en helming botnfiskafila við Ísland og útlutningur

sjávarafurða árið 1974 nam tæplega 75% af heildarútflutningi landsmanna. Ætlun fyrri ríkisstjórnar – Viðreisnarstjórnarinnar – var að bíða frekari þróunar á alþjóðavettvangi, en biðlund nýrrar ríkisstjórnar var af skornum skammti. Útfærslurnar í 50 mílur og síðar í 200 mílur voru einfaldlega, af stjórnámálamönnum og fleirum, taldar nauðsynlegar til að vernda lífshagsmuni þjóðarinnar. Þær ýttu jafnframt undir samþykkt víðari fiskveiðilögsögu og aukin réttindi strandríkja, eins og Guðni getur um. Ályktun höfundar um að „hefði verið beðið í einn vetur með að færa lögsöguna út í 200 mílur hefði réttur Íslendinga verið ótvíræður og Bretum reynt ómögulegt að senda herskip á miðin“ má telja hæpna. Reyndin varð að hafréttarsamningurinn var ekki samþykktur fyrr en 10. desember 1982, í lok þriðju hafréttarráðstefnunnar, og var fram undir það síðasta tekist á um eðli fiskveiðilögsögunnar og aðgang erlendra fiskiskipa. Ísland varð síðan fyrst Evrópuríkja til þess að fullgilda samninginn 21. júní 1985.

Guðni hefði mátt fjalla um mikilvægan þátt þorskastríðanna, sem var áróðursstríðið sem háð var á alþjóðlegum vettvangi og í fjölmiðlum. Sú barátta var snar þáttur í því að sigur vannst. Ógetið er ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um heimköllun Nielsar P. Sigurðssonar, sendiherra í Bretlandi, í ágúst 1973. Heimköllun sendiherra er alvarleg og afar sjaldgæf stjórnvaldsaðgerð sem sendir skýr og sterk skilaboð, einkum til gamallar vina- og bandalagsþjóðar.

Tilfni er til að nefna eftirfarandi málgreina í niðurstöðum: „Það er líka goðsögn að þjóðarhagur hafi ráðið ákvörðunum valdhafa hverju sinni. Innanlandsstjórnsmál höfðu miklu meiri áhrif en menn hafa viljað viðurkenna. Aðalóvinurinn var ekki alltaf handan við hafið heldur í öðrum stjórnámálflokkum.“ Í umræðum á Alþingi 10. nóvember 1971 sýndu fulltrúar allra flokka algera samstöðu um meginatriði og var að sjálfsgöðu af því mikill styrkur. Órofa samstaða kom einnig fram í þingsályktun Alþingis hinn 15. febrúar 1972 þegar allir 60 þingmennirnir samþykktu samhljóða útfærslu í 50 mílur. Íslenskir stjórnámálamenn voru eðlilega ekki alltaf sammála um alla hluti, en Guðni tekur réttilega fram að þjóðin var sameinuð um lokatakmarkið. Íslenskir stjórnámálamenn gáfu hins vegar lítinn höggstað á sér út á við og fullyrðingin um aðalóvininn er ofsögð. Hin gullna regla heimsveldis Breta um að deila og drottna gekk ekki upp gagnvart Íslendingum. Breskum blaðamönnum, sem reyndu að vega í þann knérunn að ágreiningur væri milli aðila, varð ekkert ágengt í þeim efnum. Úrslitin líktust ekki jafntefli, eins og Guðni segir. Sigur Íslendinga var afgerandi og má gjarnan skoða í ljósi hnyttins svars Anthony Crosland, utanríkisráðherra Breta, á blaðamannafundi sem haldinn var í Ósló eftir undirritun hans og Einar Ágústssonar utanríkisráðherra 1. júní 1976. Þar svaraði Crosland á íþróttamannslegan hátt spurningu bresks blaðamanns um hvort þetta samkomulag þýddi ekki að Bretar hefðu tapað þorskastríðunum: „Yes, but we came second.“ Í fiskveiðideilunni um 200 mílur var aðeins einn sigurvegari og þess má geta að könnun fréttamanns Press Association, Bob Hutchinson, á ásigkomulagi breskra freigáta leiddi í ljós að Bretum var orðið illmögulegt að senda nokkrar þeirra til Íslands.

Fengur er að eftirmála Tómasar H. Heiðars, þjóðréttarfræðings í utanríkisráðuneytinu og forstöðumanns Hafréttarstofnunar Íslands, þar sem hann gefur gott yfirlit um stöðu ýmissa málefna hafsins er varða Íslendinga.